



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf., á níu þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 93 íbúðum. Samhliða er veitt lóðarvilyrði fyrir allt að 24 íbúðum á tveimur lóðum, Hverafold 7 og Nauthólsvegi 83. Áætluð úthlutun er 2023. Þegar hefur Reykjavíkurborg veitt lóðarvilyrði eða úthlutað fjórum lóðum fyrir allt að 35 íbúðir sem ekki er byrjað að byggja. Alls hefur Reykjavíkurborg veitt vilyrði eða úthlutað lóðum fyrir allt að 151 íbúð.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar – eða leiguíbúðir á vegum Félagsbústaða, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. Leirtjörn vestur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 15 íbúðir.
 - b. Gufunes II: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 10 íbúðir.
 - c. Skerjafjörður II: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 10 íbúðir.
 - d. Gufunes II: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 10 íbúðir.
 - e. Ártún Vogur: Áætluð úthlutun árið 2027 fyrir allt að 23 íbúðir.
 - f. Miklubrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 15 íbúðir.
 - g. Krossmýrartorg: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 10 íbúðir.
 - h. Skerjafjörður II: Áætluð úthlutun árið 2029 fyrir allt að 13 íbúðir.
 - i. Sæbrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2029 fyrir allt að 20 íbúðir.
2. Samhliða veitir Reykjavíkurborg vilyrði fyrir allt að 24 íbúðum á tveimur lóðum, Hverafold 7 og Nauthólsvegi 83. Áætluð úthlutun er 2023.
3. Félagsbústaðir lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsaagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs þann 31. mars. 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikurborgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, 1. apríl 2022